




ÞEKKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

RANNSÓKNIR - MENNTUN - NÝSKÖPUN

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2014
Aðalfundur 2015

Skýrsla PDF

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2014

Kynnt á aðalfundi 30. apríl 2015


Aðalfundur haldinn í húsakynnum Þekkingarseturs Vestmannaeyja að Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjum



Skýrsla stjórnar



Skýrsla framkvæmdastjóra



Starfsemin



Forsendur rekstraráætlunar PDF

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Stofnfundur þekkingarseturs Vestmannaeyja s.e.s var haldinn í Alþýðuhúsinu, Vestmannaeyjum þann 23. janúar 2008. Stofndagurinn var valinn með hliðsjón af því að þá voru liðin 35 ár frá upphafi eldgossins á Heimaey.

Á fundinum voru samankomnir stofnaðilar Setursins auk annarra hagsmunaaðila og gesta. Fundinum stýrði Arnar Sigurmundsson formaður starfshóps um eflingu háskóla- og rannsóknastarfsemi í Vestmannaeyjum.



Stofnfundargerð



Rannsókn- og fræðasetur í Eyjum 1994-2014

Í október 2014 voru 20 ár frá stofnun Rannsókna- og fræðasetursins í Vestmannaeyjum. Til hátíðarbrigða var boðað til sérstaks afmælisfundar. Arnar Sigurmundsson varaformaður stjórnar Þekkingarseturs vestmannaeyja stýrði fundi, Elliði Vignisson bæjarstjóri flutti ávarp, Páll Marvin Jónsson flutti erindi sem bar yfirskriftina „Þekking beisluð- Rannsókn- og fræðasetur í Eyjum í 20 ár“. Gesta fyrirlesari var Kristinn Andersen, prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands. Flutti hann erindið „Hátækni og hugvit við vinnslu sjávarafurða“.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



SKÝRSLA STJÓRNAR

Skýrsla stjórnar þekkingarseturs Vestmannaeyja og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar

Fráfarandi stjórn tók til starfa 30. apríl 2014. Alls voru haldnir 5 stjórnarfundir á tímabilinu auk þess sem framkvæmdastjórn ÞSV hefur fundað að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem farið hefur verið yfir ýmis málefni. Einnig hefur framkvæmdastjórn haldið þrjá fundir með stjórn S30 fasteignafélags.

Á aðalfundi S30 fyrr í mánuðinum var kjörin ný stjórn en stjórnina skipa nú Páll Guðmundsson, Arnar Sigurmundsson og Elliði Vignisson.

Húsnæðismál eru enn ofræga á baugi hjá stjórn en ánægjulett er að segja frá því að á 3000 fundi bæjaráðs Vestmannaeyjabæjar var undirrituð viljayfirlýsing milli Vestmannaeyjabæjar og þekkingarseturs Vestmannaeyja þess efnis að ÞSV fái til afhendingar 2. hæð Fiskiðjunar við Ægisgötu í þeim tilgangi að byggja upp nýja aðstöðu fyrir Setrið. Vestmannaeyjabær hefur samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir 2015 að endurgera húsnæðið að utanverðu. Stefnt er að því að setja verkið í útboð á næstu vikum.

Á sama fundi var jafnframt skrifað undir viljayfirlýsingu á milli Vestmannaeyjabæjar, menntamálaráðuneytis og nýsköpunar- og atvinnumálaráðuneytis þess efnis að skipaður verði stýrihópur með það að markmiði að byggja upp nám í líftækni og nýsköpun í sjávarútvegi í samstarfi við atvinnulífiði og innlenda og erlenda háskóla.

Hugmyndir eru uppi um að viðkomandi nám mun verða staðarnám og að aðstaðan verði byggð upp á þriðju hæð Fiskiðjunnar.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki þekkingarsetursins, stjórn og framkvæmdastjórn fyrir gott samstarf á tímabilinu.

Elliði Vignisson
Formaður stjórnar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skýrsla framkvæmdastjóra
Þekkingarseturs Vestmannaeyja
1. hluti

Skýrsla framkvæmdastjóra

Verkefni Þekkingarsetursins á árinu 2014 voru fjölmörg enda mikið umfang og fjölbreytt starfsemi. Segja má að verkefnin hafi spannað allt frá framleiðslu kynningarmyndbanda til rannsókna á atferli háhyrning við Eyjar. Starfið á söfnunum var mikið og öflugt á arinu 2014 þrátt fyrir að töluverður samdráttur hafi verið í komu ferðamanna á söfnin. Sammdráttinn má að öllum líkindum rekja til þess að stór samkeppnisaðili leit dagsins ljós þegar Vestmannaeyjabær opnaði sýningu á Heimaeyjargosinu í Eldheimum. Móttaka ferðamanna á söfnin er þó aðeins hluti af safnastarfinu en hafa söfnin einnig skylduverkum að gegna eins og t.d. skráning safnmuna, sinna fræðsla til almennings og standa fyrir rannsóknum og fræðastarfi ýmiskonar.

Sagnheimar

Hvað varðar Sagnheima þá var fyrir sumarið nokkuð ljóst í hvað stefndi varðandi aðsókn ferðamanna og því var strax tekin sú ákvörðun að breyta áherslum í starfsemi Sagnheima. Áherslan þar var því lögð á m.a. skráningu safnmuna og menningartengda viðburði en alls voru haldnir yfir 40 viðburðir á árinu 2014. Dæmi um viðburði í Sagnheimum er Ráðstefna um Vestmannaeyinga í Utah, Málþing um Spítalasögu Vestmannaeyja og fyrirlestraröð sem gekk undir nafninu Saga og súpa en alls voru fimm fyrirlestrar haldnir á árinu 2014 í viðkomandi fyrirlestraröð. Helga Hallbergsdóttir er safnstjóri Sagnheima og hefur keyrt starfið áfram með miklum myndarskap.

Sæheimar

Auk þess sem Sæheimar fiskasafn taka á móti fjölmörgum gestum og sinna öflugu fræðslustarfi þá er umsjón og umhirða lifandi safnmuna stór hluti af daglegum verkefnum. Þetta á sérstaklega við nú eftir að lundinn Tóti varð frægur en fuglinn dregur til Eyja fjöldan allan af ferðamönnum sem hafa það á sínum forgangslista að fá að hitta Tóta. Fjölmörg fræðsluverkefni voru unnin á árinu 2014, þar má nefna verkefnið Flóra Heimaeyjar en safnstjóri Sæheima, Margrét Lilja Magnúsdóttir hefur myndað allar helstu blómplöntur Heimaeyjar og var nýverið opnuð vefsíðu þar sem hægt er að velja ákveðin svæði og sjá myndir af þeim blómplöntum sem finnast á svæðinu. Þess má geta að tegundin fjalldalafífill er tegund sem fannst í fyrsta sinn villt á Eyjunni. Tegundin kemur líklega sem slæðingur úr gördum en vex nú villt og telst því vera ný tegund á Heimaey.

Rannsóknamiðstöð

Starfsemi rannsókna- og þjónustumiðstöðvar hefur líkt og árið á undan einkennst af vinnu í tengslum við aðstöðu uppbyggingu fyrir Þekkingarsetrið. Þar hefur Georg Skæringsson staðið í ströngu við að taka út rými, meta ástand og kostnað við hina og þess verkþætti ásamt því að aðstoða við gerð verkáætlana. Georg gegnir einnig mikilvægu hlutverki í söfnunum okkar þar sem hann annast viðhald- og uppsetningu sýninga. Jafnframt hefur Georg umsjón með rannsóknarbátnum Friðriki Jessyni og húsnæði Þekkingarsetursins. Samhliða þessu voru á árinu 2014 einnig ýmis verkefni unnin, en þar má nefna að haldið var köfunarnámskeið, unnið að háhyrningarannsóknum í samstarfi við erlenda rannsókar aðila og fuglafræðingar fluttir út í úteyjar.

Verkefnið Markaðsáttak ferðamanna er styrkt af Samtökum Sunnlenskra Sveitafélaga og er markmið þess að hrista saman ferðapjónustuaðila í Vestmannaeyjum og mynda öflugan klasa með sameiginleg markmið og áherslur. Þekkingarsetrið leiðir þessa vinnu og er áætlað að verkefninu ljúki nú í byrjun sumars en afrakstur þess verður samstilltur ferðapjónustuklassi með stefnu, framtíðarsýn og markaðsáætlanir inn í framtíðina. Verkefnið hefur skilað af sér framúrstefnulegu og faglegu markaðsefni. Þar má nefna kynningarmyndband, upplýsingasíðu og myndefni til notkunar fyrir ferðapjónsuklasann í Eyjum allt árið. Segja má að markaðsefnið sé viðleytni til þess að samæma ímyndasköpun fyrir ferðapjónustuna en efnið verður í eigu samtakanna og til notkunar fyrir meðlimi þeirra. Þessi aðkoma ÞSV að ferðapjónustunni í Eyjum er í raun ný af nálinni en klárt er að Þekkingarsetrið getur lagt mikið af mörkum til uppbyggingar á ferðapjónustunni í Vestmannaeyjum.

Framhald

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drifandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálstofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



SKÝRSLA

FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skýrslu framkvæmdastjóra 2. hluti

Skýrsla framkvæmdastjóra

Eins og kunnugt er þá var áformað að hefja framkvæmdir við nýtt húsnæði þekkingarsetursins á fyrri hluta síðasta árs. Þess má geta að ef allt hefði farið eins og til stóð á aðalfundi ÞSV 2014 þá væri framkvæmdum nú lokið og við nú að flytja starfsemina í nýtt og glæsilegt húsnæði.

Framkvæmdin var boðin út í byrjun árs 2014 og skiluðu fjórir verktakar inn tilboðum. Áætlun Arkís arkitekta sem voru hönnuðir verkefnisins gerði ráð fyrir 355 milljónum króna framkvæmdakostnaði eða 180 þúsund kr/fm að jafnaði, heildar flatamál framkvæmdarinnar var 1932 m². Tilboðin sem bárust í framkvæmdina voru töluvert hærri en kostnaðaráætlun hönnuða gerði ráð fyrir, lægsta tilboð rúmlega 115% af áætluðum kostnaði. Tekin var sú ákvörðun að hafna öllum tilboðum en setjast niður með lægstbjóðandi sem voru JÁ-Verktakar og finna leiðir til að skera framkvæmdina niður. Með því að taka út verkþætti, eins og lagfæringar í kjallara og framkvæmdir á jarðhæð Vigtarhússins tókst að lækka framkvæmdakostnað um 80-100 milljónir. Miðað við þær forsendur sem lagt var að stað með þá átti verkefnið nú að ganga upp fjárhagslega.

Þrátt fyrir að viljayfirlýsingar hafi legið fyrir frá væntanlegum leigutökum reyndust ákveðnir lykil leigutakar ekki tilbúnir í slaginn þegar á hólminn var komið. Það var mat stjórnar ÞSV og stjórnar S30 að fjárhagslegar forsendur verkefnisins væru brostnar. Gerða voru tilraunir til að finna nýja leigutaka en þó alltaf ljóst að það myndi reynast erfitt þar sem að staðan á leigumarkaði í Eyjum gerði það að verkum að nýbyggingar í skrifstofuhúsnæði eru varla samkeppnishæfar við verð á almennum leigumarkaði. Í lok árs 2014 ákvað stjórn ÞSV að hætta við framkvæmdina.

Segja má að árið 2014 hafi verið stór vonbrigði hvað varðar aðstöðumál þekkingarsetursins en vinna við að bæta aðstöðu og efla starfsemi ÞSV er þó hverki lokið. Viljayfirlýsing milli Vestmannaeyjabæjar og þekkingarsetursins þess efnis að önnurhæð Fiskiðjunnar, sem er rúmlega 1000 fermetra að flatarmáli, verði afhent ÞSV tilbúið undir tréverk ber þess klárlega merki.



Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



ÞEKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Starfsmenn & Brot úr starfinu

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Starfsemi ÞekkingarsetursVestmannaeyja er, auk aðaldeildar, skipt upp í þrjár megin deildir Sagnheimar, Sæheimar og Rannsóknamiðstöð. Samstarfsvettvangur stofnanna innan Þekkingarsetursins ber nafnið Hugheimar.

Starfsmenn


✓	 Framkvæmdastjóri PÁLL MARVIN JÓNSSON	 Safnstjóri MARGRÉT LILJA MAGNÚSDÓTTIR	✓
✓	 Tækni- og verkefnastjóri GEORG SKÆRINGSSON	 Safnstjóri HELGA HALLBERSDÓTTIR	✓
✓	 Þjónustufulltrúi ESTER GARÐARSDÓTTIR	 Tækjamaður HARALDUR HALLDÓRSSON	✓

Brot úr starfinu



Verkefnin eru fjölbreytt, hér er skjáskot úr kynningarmyndbandi Ferðamálasamtaka Vm.

Markaðsáttak



Hönnunardrög að aðstöðu fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja í Fiskiðjunni.

Fiskiðjan



Lundinn Tóti löngu orðinn frægur fyrir viðmót sitt gagnvart gestum Sæheima

Sæheimar




44 menningartengdir viðburðir á Sagnheimum árið 2014

Sagnheimar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



SÆHEIMAR FISKASAFN

Skýrsla safnstjóra




Sæheimar
AQUARIUM

PDF skýrsla

50 ára afmæli fiskasafnsins

Hinn 5. júní 1964 er stofndagur safnsins. Þá var ákveðið í bæjarstjórn að stofna Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja. Okkur fannst vera vel við hæfi að halda upp á þessi tímamót um sjómannadagshelgina enda hefur alltaf verið mjög góð samvinna milli safnsins og sjómanna í Vestmannaeyjum. Vikuna fyrir afmæli komu t.d. áhafnir Gullbergsins, Þórunnar Sveins og Drangavíkur með fjölda lifandi fiska fyrir safnið.

Nemendur í Grunnskóla Vestmannaeyja unnu listaverk fyrir safnið á þemadögum skólans og var safnið skreytt í hólfi og gólfi með þessum glæsilegu listaverkum. Upphaflega var hugmyndin að nota plánið sunnan við safnið fyrir veisluhöldin en þar sem spáði rigningu þessa helgi fengum við að flytja veisluna niður á Slökkvistöðina, sem er hér á neðri hæðinni.



Myndir úr starfinu

Starfsmenn

Margrét Lilja Magnúsdóttir var í 75% starfi sem safnstjóri. Georg Skæringson í 25% starfi sem umsjónarmaður safnsins. Aðrir starfsmenn í sumarvinnu við vörslu og afgreiðslu voru Örn Hilmisson, Evelyn C. Bryner, Guðný Hilmisdóttir. Victoria Ayn Pethypiece og Valrós Gígja Aradóttir. Auk þeirra voru nokkrir ungir hjálparkokkar sem hjálpuðu til á safninu.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dal Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? Líú Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



SAGNHEIMAR BYGGÐASAFN

Skýrsla safnstjóra



PDF skýrsla



Myndir úr starfinu

Fræðslustarf

Rannsóknir, útgáfur, samstarf við önnur söfn og skóla

Samstarf er á milli **Fred Woods, Háskólans í Utah**, Sagnheima, byggðasafns og Bókasafns Vestmannaeyja um að safna heimildum meðal afkomenda þeirra 400 Íslendinga sem gerðust mormónar og héldu til Utah 1854-1914. Þar af komu um 200 manns frá Vestmannaeyjum. Afrakstur samstarfsins má sjá í sýningu Sagnheima, byggðasafns. Málþing um Vestmannaeyinga í Utah var haldið í Alþýðuhúsinu 30. ágúst. Einnig kynntu bæjarstjórinn í Spanish Fork og Fred Woods verkefnið í sögu og súpu í Sagnheimum 11. Nóvember,

Samstarf er milli Sagnheima og **Ingibergs Óskarssonar** um að skrá nöfn þeirra Vestmannaeyinga sem voru á Heimaey á gosnóttina og þá með hvaða bát eða farartæki þeir fóru. Einnig hefur verið kallað eftir reynslusögum. Í raun hófst þetta starf í Sagnheimum árið 2010 en Ingibergur hefur komið að verkinu með miklum krafti. Hér hafa safnast ómetanlegar heimildir sem nota má til frekari rannsókna eða í útgáfur.

Í júnímánuði hófst samstarf **Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings, Ármann Höskuldssonar jarðfræðings, Söguseturs 1627 og Sögufélags Vestmannaeyja** um frekari rannsóknir á mannvistarleifum í Herjólfssdal. Farið var með jarðsjá um valin svæði í Herjólfssdal og virðist margt forvitnilegt vera þar undir jarðsverðinum. Fyrstu niðurstöður voru kynntar í Sagnheimum á safnahelgi 1. nóvember – en rannsóknir eru enn á byrjunarstigi. Sagnheimar, byggðasafn eiga í góðu samstarfi við önnur söfn landsins, bæði með því að fá lánaðar sýningar, s.s. sýningu Síldarminjasafnsins, sjá nánar undir **sérsýningar**, sem og Einnig með margs konar samstarfi við heimildaröflun og greiningar.

Sagnheimar, byggðasafn er einnig virkur aðili í samstarfi safna á Suðurlandi og tekur þátt í kynningarátökum á vegum þeirra og ferðaþjónustunnar.

Gestir

Árið 2014 komu 5.004 gestir í Sagnheima, byggðasafn, Íslendingar voru 67,9% og erlendir gestir 32,1%. Börn voru 942 eða 18,8% gesta en auk þess komu 523 börn og ungmenni eða 10,5% á vegum skóla.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drifandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? Líú Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



Markaðsáttak Ferðamála

Verkefni unnið í samstarfi við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja

Verkefnið er fjármagnað í gegnum Sóknaráætlun Suðurlands eða SASS, Samtökum Sunnlenskra Sveitafélaga.





Kynningarmyndband. Myndbandið var unnið í samstarfi við Sigva Media og er hluti af markaðsefni ferðamálasamtaka Vestmannaeyja.

Visitvestmannaeyjar.is

Hluti af verkefninu var að hanna og skipuleggja upplýsingagátt á verladarvefinn fyrir ferðapjónustuna í Vestmannaeyjum.

www.visitvestmannaeyjar.is



Bjarni Magnússon áhugaljósmyndari. Bjarni Vann flokk náttúrumynda í ljósmyndasamkeppni sem var hluti af verkefninu. Hér eru nokkrar myndir Bjarna.

Hluti af verkefninu var að draga fram ljósmyndir til að nýta í markaðsstarf fyrir ferðapjónustuna í Vestmannaeyjum.

Bekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? Líú Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknapjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálastofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014



Fiskiðjan

Hugmyndir að hönnun fyrir aðstöðu þekkingarsetursins



Teikningar eftir Pál Marvin Jónsson. Fiskiðjan stendur við Ægisgötu. Hún er á fjórum hæðum og er heildar flatarmál hússins um 4400 fermetrar. Gert er ráð fyrir að aðstaða þekkingarsetursins verði á 2. hæð í um 1100 fermetrum.



Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Bergur ehf. Dala Rafn ehf Drífandi stéttarfélags Fjöltækniskóli Íslands Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Íslandsbanki Hafrannsóknastofnunin Háskólinn á Akureyri Háskólinn á Bifröst, Borgarfirði Háskólinn í Reykjavík HÍ - Stofnun Fræðasetra, Reykjavík Hólar Huginn ehf. Iðnaðarráðuneytið Ísfélag Vestmannaeyja hf. Kennaraháskóli Íslands? LíÚ Matís ohf. Náttúrustofa Suðurlands Nýsköpunarmiðstöð Íslands Ós ehf. Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf. Reykjavíkurakademían Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi Sjávarútvegsráðuneytið Sparisjóður Vestmannaeyja Stígandi ehf Tölvun Ufsaberg ehf Vestmannaeyjabær Vinnslustöðin hf. Vinnumálstofnun Reykjavík Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Kæja ehf Gæfa ehf

Ársskýrsla 2014